

MIÐVIKUDAGUR 31. JÚLÍ 2013
11. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2



PERSON OF INTEREST
Orðinn einn vinsælasti
sjónvarpsþáttur veraldar



SJÁLFSTÆTT FÓLK
Þrettán ára samfelld ganga
á Stöð 2



**ÓLAFUR ARNALDS
SEMUR TÓNLISTINA Í
BROADCHURCH**
„Gífurleg reynsla fyrir mig“

HEIMSMEISTARAMÓT ÍSLENSKA HESTSINS

Í BEINNI FRÁ BERLÍN

ALLIR KEPPNISDAGARNIR Í BEINNI Á
STÖÐ 2 SPORT FRÁ MORNI TIL KVÖLDS

FRÁBÆR TILBOÐ
Í STÖÐ 2 VILD

krakkar

GULL

BÍÓ

POP
TIMI

SPORT

SPORT 2



HÁTT Í FIMMHUNDRUÐ HEIMILDARMYNDIR

Þátturinn Sjálfstætt fólk hefur verið á dagskrá Stöðvar 2 í þrettán ár og heldur áfram göngu sinni í haust. Viðmælendur hingað til eru hátt í fimm hundruð og er þátturinn með þeim sem hlotið hafa einna flestar Eddur.

SJÁLFSTÆTT FÓLK Sunnudaga 19:40

Þátturinn Sjálfstætt fólk heldur áfram samfelldri þrettán ára göngu sinni á Stöð 2 í haust. Þátturinn er meðal þeirra sem flest verðlaun hafa hlotið í sögu Edduverðlaunanna; hefur fengið átta tilnefningar og þrjár Eddur. Viðmælendur hingað til eru hátt í fimm hundruð talsins. „Þetta eru á fimmta hundrað heimildarmyndir um Íslendinga. Okkar nýja Árnasafn,“ segir Jón Ársæll og brosir í kampinn.

En hver er hugmyndin að baki

þáttunum? „Hugmyndin er sú að dvelja með fólki, vinna með því, taka á með því og jafnvel sofa hjá því en þannig koma leyndarmálin í ljós. Hver maður hefur mikla sögu að segja ef aðeins er lagt við hlustir,“ upplýsir Jón Ársæll. Hann segir hugmyndir fransk-svissneska uppeldisfræðingsins Jean-Jacques Rousseau um að maðurinn sé í sínu innsta edli góður líka liggja til grundvallar. „Ég vil ekki skilmast við fólk. Mér þykir vænt um viðmælendur mína og trúir þeim. Og þá erum við komin að öðrum uppeldis- og

sálfræðingi, ekki ómerkari manni en Sigmund Freud, sem sagði manninn úða út frá sér upplýsingum og leyndarmálum ef aðeins væri dvalið með honum. Þetta er þó enginn sérstakur leyndarmálaþáttur heldur snýst þetta um að kynna fólk, upplifa nærveru þess og koma henni til skila heim í stofu.“

Steingrímur Jón Þórðarson hefur unnið með Jóni Ársæli frá upphafi en hann er, ásamt því að vera framleiðandi og meðstjórnandi, tókumaður og klippari. Þeir hafa svo notið liðsinnis fjöl-

margra reynslubolta á Stöð 2, eins og Freys Einarssonar og Pálma Guðmundssonar. „Þriðji stýrimaður kom svo nýlega inn í þetta með okkur en það er hún Sigríður Guðlaugsdóttir, fyrrverandi fréttamaður á Stöð 2. Hún er mikill fengur og hefur gert ómetanlegt gagn en hún vinnur meðal annars hluta rannsóknarvinnunnar.“

Jón Ársæll lofar góðum vetri. „Við stefnum á að gera enn betur í vetur. Við erum þegar búin að negla nokkra viðmælendur og ég get eiginlega lofað því að þetta

hefur aldrei verið betra, enda skilar reynslan sínu.“ Jón Ársæll vill þó ekki gefa upp hverjir viðmælendurnir verða. „Við reynum líka að byggja sem mest á nýbökðu brauði og velja rétt fólk í þáttinn á réttum tíma. Oftast hefjum við tökum fyrri hluta vikunnar og tökum seinni hluta hennar í vinnslu til að þátturinn sé eins ferskur og kostur er.

Næstkomandi mánudag verður sérstakur aukapáttur helgaður minningu Jóhannesar Jónssonar kaupmanns. Þátturinn verður í opinni dagskrá klukkan 19.

KRAKKARNIR NOTA OZ-APPIÐ

Oz-appið hefur náð mikilli útbreiðslu á skömmum tíma. Það er þó ekki bara fulloröna fólk sem nýtir sér það til að horfa á sjónvarpsútsendingar og taka upp efni. Yngsta kynslóðin er einnig dugleg við að nýta sér kosti þess enda afar heppilegt að geta safnað saman barnaefni til að horfa á síðar, hvort sem það er heima fyrir eða á ferðalögum.

Guðrún Svava Gunnlaugsdóttir er móðir fjögurra barna á aldrinum sjö til átján ára. Sá yngsti er duglegur við að taka bæði upp efni og horfa á sjónvarpsútsendingar. „Yngsti sonur minn safnar bæði teiknimyndum og kvikmyndum af barnastöðvunum og Stöð 2 Bíó. Hann hefur nýtt sér þessa þjónustu mikið og horft á efnið bæði gegnum iPad fjölskyldunnar og eins gegnum iPod Touch sem hann á sjálfur. Þannig hefur hann til dæmis safnað og horft á Spy Kids og kvikmyndina um Villa og Sveppa. Með sama hætti hefur hann safnað Svampi Sveinssyni, Strumpunum og Madagascar sem hann er mjög hrifinn af. Sjálf hef ég reynt að safna ýmsu efni til að horfa á síðar, bæði þáttum og kvikmyndum. Það er rosalega gott að geta safnað þessu efni



saman og horft á þegar betri tími gefst.“

Þegar fjölskyldumeðlimir eru sex en bara tvö tæki sem innihalda oz-app geta eðlilega ekki allir nýtt sér það á sama tíma. „Sá yngsti hefur verið duglegastur, og ég safna sjálf efni. Síðan á elsta barnið iPhone-síma þannig að hún fer vafalaust bráðlega að nýta sér þessa þjónustu með sama hætti og við.“

Fjölskyldan tekur ekki bara upp efni heldur notar oz-appið líka til að horfa á sjónvarpsútsendingar. „Það kemur fyrir



hér eins og á fleiri fjölmönnum heimilum að sjónvarpið er upptekið. Þá er gott að hafa oz-appið ef aðrir fjölskyldumeðlimir vilja horfa á aðrar sjónvarpsstöðvar. Þessi nýja þjónusta er virkilega spennandi viðbót og við eigum bara eftir að nýta hana meira á næstunni.“

Ekki eru allar spjaldtölvur eða önnur tæki sem keyra oz-appið með þráðlaust net, sem þarf til að sækja efnið sem safnað er. Það kemur þó lítið að sök segir Guðrún. „Það er svo víða hægt að komast inn á þráðlaust net, til dæmis á ferðalögum um landið eða á kaffihúsum, þannig að hægt er að nýta oz-appið líka þótt maður sé ekki heima hjá sér. Síðan hafa auðvitað margir þráðlaust net í tækjum sínum og þá er hægt að nýta það auðvitað alls staðar.“





HEIMSMEISTARAMÓT ÍSLENSKA HESTSINS Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT

Heimsmeistaramót íslenska hestsins verður haldið í Berlín í Þýskalandi dagana 4.-11. ágúst og verður Stöð 2 Sport með beinar útsendingar frá mótinu alla keppnisdaga.



Heimsmeistaramót íslenska hestsins er að þessu sinni haldið í höfuðborg Þýskalands og er þetta í fyrsta sinn sem mótið er haldið í miðri stórborg. Það þykir vel við hæfi þar sem Þýskaland er mekka íslenska hestsins á meginlandinu.

Setningarathöfn mótsins fer fram á sunnudag og þá mun Dorrit Moussaieff forsetafrú, ríða í gegnum Brandenborgarhlíðið í Berlín.

Mikill áhugi er fyrir mótinu, bæði á Íslandi og meðal aðdáenda og eigenda íslenskra hesta um víða veröld. Um tvö þúsund Íslendingar hafa pantað sér miða á mótið en reiknað er með þrjátíu þúsund áhorfendum á mótið.

Íslenskir hestar frá 15 löndum munu taka þátt í heimsmeistaramótinu í Berlín en alls eru 163 þátttakendur skráðir til leiks, þar á meðal 8 fyrrverandi heimsmeistarar. Á heimsmeistaramótinu er sjö keppnisgreinar; tölt, slaktaumatölt, fjórgangur, fimmgangur, gæðingaskeið, 250 metra skeið og 100 metra flugsskeið. Kynbótahross eru einnig metin á sérstökum kynbótasýningum. Þar eru þau bæði dæmd með tilliti til byggingar sinnar og líkamsgerðar og einnig með tilliti til hæfileika sinna og ganglags.

DAGSKRÁ MÓTSINS

SUNNUDAGUR 4. ÁGÚST

13:00 Opnunaráhátíð

MÁNUDAGUR 5. ÁGÚST

06:00-15:00 Kynbótahross - byggingadómar

15:30-16:40 Kynbótahross – reiðdómar 5 vetra hryssur

ÞRIÐJUDAGUR 6. ÁGÚST

06:30-10:15 Fjórgangur (V1) forkeppni

10:15-11:30 Hlé

11:30-15:30 Fjórgangur (V1) forkeppni

15:15-17:55 Kynbótahross – reiðdómar 6 vetra og 7 vetra og eldri hryssur

MÍÐVIKUDAGUR 7. ÁGÚST

06:00-10:30 Kynbótahross – reiðdómar stóðhestar – allir flokkar

11:30-14:15 Fimmgangur (F1) forkeppni

14:15-14:45 Hlé

14:45-17:30 Fimmgangur (F1) forkeppni

FIMMTUDAGUR 8. ÁGÚST

06:30-09:15 Slaktaumatölt (T2) forkeppni

09:15-09:45 Hlé

09:45-11:30 Slaktaumatölt (T2) forkeppni

12:00-13:30 Yfirlitssýning hryssur

14:00-14:45 Fjórgangur (V1) A-úrslit ungmenna

15:30-17:30

Gæðingaskeið (PP1)

17:30

Gæðingaskeið (PP1) verðlaunaafhending

FÖSTUDAGUR 9. ÁGÚST

06:30-10:15 Tölt (T1) forkeppni

10:15-11:30 Hlé

11:30-13:15 Tölt (T1) forkeppni

13:30 Slaktaumatölt (T2) A-úrslit ungmenna

14:45-16:15 250 m skeið (P1) undan riðlar

16:30 Ræktunarbússýningar

LAUGARDAGUR 10. ÁGÚST

07:00-07:45 Slaktaumatölt (T2) B-úrslit ungmenna

09:00-09:45 Fimmgangur (F1) A-úrslit ungmenna

09:00-09:45 Tölt (T1) B-úrslit

10:00-11:30 Kynbótahross – yfirlitssýning stóðhestar

12:00 Sigurvegarar eldri móta

12:45-14:15 250 m skeið (P1) undariðlar

14:15-14:30 250 metra skeið (P1) Verðlaunaafhending

14:30-15:15 Kynbótahross – hryssur - kynning

15:45-16:30 Fjórgangur (V1) B-úrslit ungmenna

16:45-17:30 Fimmgangur (F1) B-úrslit ungmenna

SUNNUDAGUR 11. ÁGÚST

07:15-08:00 Slaktaumatölt (T2) A-úrslit ungmenna

08:15-09:00 Tölt (T1) A-úrslit ungmenna

09:15-10:00 Tölt (T1) A-úrslit ungmenna

10:00-10:45 Kynbótahross – stóðhestar - kynning

11:15 100 m fljúgandi skeið (P2)

12:30 100 m fljúgandi skeið (P2) Verðlaunaafhending

13:00 Fjórgangur (V1) A-úrslit og sameiginlegur sigurvegari í fjórgangi tilkynntur

Fimmgangur (F1) A-úrslit og sameiginlegur sigurvegari í fimmgangi tilkynntur

14:00 Lokaathöfn og verðlauna afhending



Setningarathöfn mótsins fer fram á sunnudag og þá mun Dorrit Moussaieff ríða í gegnum Brandenborgarhlíðið.



JÓHANNES HAUKUR

velur besta svarið í lokabættinum

BESTA SVARIÐ
Föstudaga kl. 20.15

Lokabætturinn af hinum stórskemmtilegu þáttum Besta svarið verður á dagskrá Stöðvar 2 næstkomandi föstudag. Gestur þáttarins verður Jóhannes Haukur leikari.

Sveppi, stjórnandi þáttanna, segist vera afar sáttur með þáttaröðina sem er að ljúka. „Þetta hefur allt gengið ótrúlega vel og við höfum fengið góð viðbrögð, enda væri annað agalegt,“ segir Sveppi. „Þátturinn er skemmtilegur frá upphafi til enda og það er alltaf jafn gaman heyra svörin frá vinunum,“ útskýrir Sveppi.

Gestir þáttarins í sumar hafa komið úr ýmsum áttum. „Sá gestur sem kom mér hvað mest á óvart var Jóhannes Haukur. Ég

þekki hann vel og vissi ýmislegt um hann en í þættinum kemur í ljós hvaða mann hann hefur að geyma og hvað hann talar ótrúlega mikið. Allir gestirnir voru þó frábærir og það var heiður að fá þá í heimsókn,“ segir Sveppi.

Þátturinn á föstudaginn hefst klukkan 20.15. Jóhannes Haukur mætir ásamt vinum sínum Guðjóni Davíð Karlssyni, Guðjóni Þorsteini Pálmarsyni og Kjartani Arnaldi Hlöðverssyni. Í þættinum kemur meðal annars í ljós hvaða leikrit Jóhannes sér mest eftir að hafa leikið í og hvaða manneskju hann myndi helst vilja sjá hverfa. Ekki missa af stórskemmtilegum lokabætti af Besta svarinu.

KOMNIR Á TÖL

MEDAL VINSÆLUSTU SJÓNVA

Spennuþáttaröðin Person of Interest snýr aftur á Stöð 2 fimmtudag vinsælda hjá áhorfendum og eru komnir í hóp fimm vinsælustu þáttaröðir

Þetta er önnur þáttaröðin um John Reese, sem áður vann skítverkin fyrir bandarísku leynipjónustuna en hefur nú snúið sér að því að forða glæpum áður en þeir gerast. Fyrsta þáttaröðin vakti mikla athygli og var með 14,5 milljónir áhorfenda að meðaltali á viku samkvæmt áhorfendamælingum Nielsen í Bandaríkjunum. Önnur þáttaröðin var sýnd sl. vetur á CBS og bætti enn við sig aðdáendum. Person of Interest mældist með rúmlega 16 milljón áhorfendum að meðaltali og aðeins þrjár

leiknar þáttaröðir voru með meira áhorf sl. vetur. Þær voru sakamálaseriurnar NCIS (21,3 milljónir) og NCIS Los Angeles (17,3 milljónir) auk gamanþáttanna Big Bang Theory (18,6 milljónir). Allar þessar þáttaröðir eru sýndar á Stöð 2.

Lemstraður leikari

Jim Caviezel leikur aðalhlutverk í Person of Interest en hann er þekktastur fyrir að hafa leikið Jesú í



VINSÆLUSTU SJÓNVARPSPÆTTIR BANDARÍKJANNA 2012-13

- 1 NFL Sunday Night Football
21.443.000
- 2 NCIS2
1.344.000
- 3 Big Bang Theory
18.680.000
- 4 NCIS LA
17.306.000
- 5 Person Of Interest
16.072.000

*Samkvæmt áhorfsmælingum Nielsen

3 MÁNAÐA ÓKEYPIS ÁSKRIFT AÐ TÓNLIST.IS

Áskrifendur að Stöð 2, Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport 2 og Stöð 2 Fjölvarp fá nú fría þriggja mánaða áskrift að Tónlist.is en þar er að finna frábært úrval af íslenskrum og erlendri tónlist, sem og mikið úrval af íslensku barnaefni.

Á tonlist.is getur hver og einn nálgast uppáhalds tónlistina sína með auðveldum hætti. Viðmótið er sömuleiðis notendavænt og auðvelt er að gera lagalista og sækja app. Hægt er að skrá sig á tonlist.is.



PP FIMM

ARPSPÁTTANNA

ginn 1. ágúst. Þættirnir njóta mikilla
tta í bandarísku sjónvarpi.

Pað
NCIS:
The
taraðir
rest

stórmyndinni The Passion of the Christ sem Mel Gibson leikstýrði. Hann hefur þurft að leggja mikið á sig við leik sinn í þáttunum, m.a. rifbeinsbrotnað og farið úr axlarlið. „Þetta tekur sinn toll, maður rifbeinsbrotnar, eyðileggur öxlina, nefbrotnar, rústar hnéskel og fær kjaftshögg. En meiðslin eyðileggja þó ekkert fyrir því handritshöfundarnir skrifa þau bara inn í söguna. Áhorfendur halda örugglega að þetta sé bara flott förðun en hún er svona flott út af því að áverkarnir eru raunverulegir,“ segir Caviezel.



Ólafur Arnalds segir það hafa verið skemmtilegt verkefni að vinna við Broadchurch.

SEMUR ALLA TÓNLIST FYRIR BROADCHURCH

Ólafur Arnalds tónlistarmaður semur alla tónlist í nýjum, breskum sakamálaþáttum, Broadchurch, sem hefja göngu sína á Stöð 2 sunnudaginn 11. ágúst kl. 20.55.

Þættirnir hafa hlotið frábærar viðtökur og slegið í gegn á Bretlandi. Þeir eru nú að fara í sýningu í Bandaríkjunum og hundrað öðrum löndum. Ólafur var spurður hvernig það hefði komið til að hann var valinn í þetta stóra verkefni. „Chris Chibnall, höfundur Broadchurch, hafði samband við mig en hann var að hlusta á lögin mín þegar fyrstu drög að þáttunum urðu til. Hann býr við ströndina þar sem þættirnir gerast og fór oft í kvöldgöngur til að fá innblástur. Þá var hann með tónlistina mína í eyrunum. Hún var þess vegna frá upphafi tengd hugmyndinni,“ útskýrir Ólafur.

„Mér fannst verkefnið spennandi þótt ég vissi ekkert í upphafi hvernig það myndi þróast. Chris sendi mér uppkast að handriti sem mér leist mjög vel á. Síðan fór ég til London og hitti þá sem tengdust þáttunum. Mér leist vel á allt þetta góða fólk og langaði strax að vinna frekar með því. Ég vissi ekkert þá hvort þættirnir næðu vinsældum,“ segir Ólafur og bætir við að margt sé hægt að læra af slíkum fagmönnum sem þarna voru. „Þetta var því mikil reynsla fyrir mig.“

Framhald í undirbúningi

Næsta þáttaröð er í undirbúningi og Ólafur verður áfram með alla músik. „Tónlistin er töluvert fyrirferðarmikil í þáttunum og skiptir miklu máli í þeim. Ég fór út og fylgdist með nokkrum tókum en þar fann ég rétta andann fyrir framhaldið. Síðan beið ég eftir að fá gróft klipp af þáttunum til að ljúka við tónlistina. Þetta var sérstaklega skemmtilegt verkefni þótt það hafi tekið mikinn tíma og verið strembið. Ég bjó til fjóran og hálfan klukkutíma af músík á rúmum fjórum mánuðum sem jafngildir fimm hljómplötum.“

Spennandi þættir

Ólafur segir að þættirnir séu gríðarlega spennandi og áhorfendur Stöðvar 2 eigi frábær sjónvarpskvöld í vændum með Broadchurch. „Ég var búinn að lesa handrit að nokkrum þáttum en hafði samt enga hugmynd um hver morðinginn væri fyrr en ég las það á síðustu blaðsíðunni. „Mér komu í hug þættir eins og Glæpurinn og The Killing, það er einhver



David Tennant, sem leikur Alec Hardy, og Olivia Colman í hlutverki Ellie Miller í sjónvarpsþáttunum Broadchurch.

skandinavískur blær á þeim. Þættirnir eru dýpri en margir breskir sakamálaþættir, þeir fjalla ekki bara um hver er morðinginn heldur einnig samfélagsmeinið sem veldur og hvaða áhrif atburðurinn hefur á tíu þúsund manna bæ. Íslendingar geta vel samsamað sig efni þáttanna,“ segir Ólafur. „Ég mæli hiklaust með Broadchurch þótt ég sé hlutdrægur.“

Broadchurch gerist í litlum, breskum bæ við strönd Dorset. Lík af ellefu ára dreng finnst á ströndinni og fljótlega kemur í ljós að hann hefur verið myrtur.

Mörg atvinnutilboð

Eftir að þættirnir voru sýndir í Bretlandi hafa Ólafi boðist mörg atvinnutilboð fyrir sjónvarp og kvikmyndir. Hann er hins vegar fullbókaður út þetta ár. „Ég hef afþakkað nokkur stór og spennandi verkefni.“

Ólafur vinnur tónlistina hér heima en hann þurfti þó að vera með annan

fötinn í London meðan á vinnunni stóð. „Við tókum tónlistina upp í Langholtskirkju og í mínu eigin stúdíói með íslensku tónlistarfólki.“

Ólafur gaf út sína fjórðu plötu, For Now I Am Winter, í febrúar. „Ég hef verið á tónleikaferðalagi um heiminn frá því í apríl meðal annars um Evrópu og Bandaríkin. Ég er í smá fríi hér heima núna og var meðal annars að ganga á Hornstrandir. Í september fer ég til Asíu og Ástralíu í áframhaldandi tónleikaferð og síðan aftur til Bandaríkjanna. Tónleikarnir verða yfir hundrað á þessu ári svo það fer mikill tími í þá,“ segir Ólafur sem segist ekki vilja festast í kvikmyndatónlist þótt það sé skemmtilegt með öðru. Hann segist vera byrjaður að hugsa næstu plötu en fyrst koma nokkur kvikmynda-verkefni. „Ég er núna að byrja á tónlist fyrir íslenska kvikmynd sem heitir Vonarstræti.“

MYNDIR HELGARINNAR

LA DLICATESSE Kl. 21.00 föstudag

Rómantísk gamanmynd með leikkonunni Audrey Tautou í aðalhlutverki. Hún fjallar um unga franska konu sem missir eiginmann sinn og getur ekki hugsað sér að hefja samband með öðrum karlmanni. Dag einn kynnist hún sænskum manni sem heillar hana upp úr skónum.



TRIAGE Kl. 22.50 föstudag

Colin Farrell, Paz Vega og Christopher Lee leika aðalhlutverkin í þessari mögnuðu mynd um ljósmyndara sem snýr heim eftir hættulegt verk-efni í Kúrdistan þar sem þjóðarmorð var framið árið 1988.

10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

BÍÓ TOPPMYNDIR Kl. 22.00 alla daga

Miðvikudagur

Beyond A Reasonable Doubt

Sakamálamynd af bestu gerð með Michael Douglas og Jesse Metcalfe í aðalhlutverkum.



Fimmtudagur

Into The Blue 2: The Reef

Spennu- mynd um kafara sem fá það verk-efni að finna fornan fjár-sjóð Kól-umbusar.



Sunnudagur

The Nines

Spennandi mynd um líf nokk-urra einstaklinga sem fléttast óvænt saman. Með aðalhlut- verk fara Ryan Reynolds og Melissa McCarthy.



Mánudagur

Contraband

Endurgerð íslensku mynd- arinnar Reykjavík Rotterdam með Mark Wahlberg í aðalhlutverki. Leikstjóri er Baltasar Kormákur.



Föstudagur

The Lucky One

Áhrifamikil og rómantísk mynd með Zac Efron og Taylor Schilling í aðalhlut- verkum.

Laugardagur

Blue Valentine

Afar óvenjuleg en rómantísk mynd með Ryan Gosling og Michelle Williams.



Þriðjudagur

American Pie 2

Bráðsmellin gaman- mynd þar sem skraut- legar persónur snúa aftur.



Stöð 2 Bíó fylgir frítt með áskrift að Stöð 2

HISTORY BÆTIST VIÐ FLÓRUNA

Sjónvarpsstöðin History bætist við fjölbreytt úrval erlendra sjónvarpsstöðva Fjölvarpsins í byrjun ágúst.

Sjónvarpsstöðin History hefur verið starfrækt frá árinu 1995 og nær til um 80 milljón heimila í Bandaríkjunum. Stöðin hét upp- haflega History Channel en árið 2008 var nafninu breytt í History.

Í upphafi sýndi stöðin sögu- lega þætti eða bíómyndir en eftir að nafninu var breytt hefur hún meðal annars sýnt ýmiss konar raunveruleikaþætti í bland við sögulegt efni.

Einn vinsælasti þátturinn á History um þessar mundir er Duck Dynasty, sem fjallar um stórfyrirtæki Robertson-fjölskyldunnar sem býr í Louisiana. Fjölskyldumeðlimir líta kannski ekki út eins og hefðbundnir menn úr viðskiptalífnum – enda flestir með sítt skegg og klæðast fötum í felulit – en viðskiptaveldi þeirra, sem byggir á vörum til sport- veiða, varð til í bakgarðinum hjá einum þeirra og veltir nú milljörðum.

Eitt stærsta vandamál forstjóra fyrirtækisins, Willie Robertson, er að halda starfsmönnum við efnið en hugur þeirra leitar hvað



Á stöðinni eru sýndir raunveruleikaþættir í bland við sögulegt efni. Einn vinsælasti þátturinn um þessar mundir er Duck Dynasty.

eftir annað út úr verksmiðjunni og í einhvers konar útivist. Starfsmennirnir virðast svífast

einskis til að komast burt úr vinnunni og beita til þess hvers kyns afsökunum.

ÞRJÚ EINFÖLD SKREF TIL AÐ NÝTA VILDAR- TILBOÐ STÖÐVAR 2

SKREF 1

Pú skráir kreditkortíð þitt í Vild inni á stod2.is/vild.




SKREF 2

Mætir til sam- starfsaðila og notar kreditkort skráð í Vild til að kaupa vöru.

SKREF 3

Afslátturinn reiknast sjálfkrafa.



Það eru alls 13 samstarfsfyrirtæki sem áskrifendur Stöðvar 2 geta nýtt sér Vildartilboð hjá:



Athugið: Til þess að nýta Vildartilboð hjá GÁP og World Class þarf að gefa upp kennitölu áskrifanda þegar varan er keypt. Hjá Olís og ÓB þarf að sækja um Olís/ÓB afsláttarkil á www.stod2.is/vild.

Til hamingju

með sjónvarp framtíðarinnar



Horðu á útsendingar Stöðvar 2 með iPad mini

Tilboð:

iPad mini WiFi 16GB + Apple TV

76.990.-*

Listaverð: 83.980.-



Með Apple TV er hægt að senda beint úr OZ appinu í sjónvarpið**

epli.is

Smáralind

Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

Laugavegi 182

Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Tilboð gildir til 16. ágúst 2013.
**Sjónvarp þarf að vera með HDMI tengi til að tengjast Apple TV.

SJÓNVARPSTILBOÐ

FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON



DVB-T DVB-C CI+

Einfalt en gott 42" sjónvarp með háskerpu
100 riða LED skjá á ómótstæðilegu verði.

Myndgæði

Vandaður háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn og 100Hz Clear Motion Index ásamt Pure Image 2 örgjörva.

Tengimöguleikar

Tækið er vel tengjum búið með 3 HDMI tengjum, USB tengi, Scart, Component, VGA, CVBS, Coaxial og Heyrnatólstengi ásamt CI+ Rauf.

Thomson 42FU2253

99.990

VERÐ ÁÐUR 119.990

HD
TV
1080p

100Hz
CMI
ClearMotionIndex

Pure
image2
Intelligent 1080p Engine

COLOR
extender

HIGH
contrast

DIGITAL
pure sound

x3
HDMI

PVR
READY

USB
multimedia
browser

eco
mode

Fleiri sjónvarpstilboð á sm.is

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

THOMSON